

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Jóni Þór Ólafssyni um gerðabækur fyrir nauðungarsölur.

1. *Hvaða reglur gilda um skráningu sýslumanna í gerðabók á atriðum er varða meðferð beiðna um nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði í eigu einstaklinga?*

Um skráningu sýslumanna í gerðabók gildir reglugerð nr. 227/1992, um málaskrár og gerðabækur fyrir nauðungarsölur, sett með stoð í 4. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

2. *Hvaða form er á gerðabókum fyrir nauðungarsölur? Hvaða stöðluðu form eru notuð og hvernig er skráningum í gerðabók háttað, þar á meðal hvenær þær eru handskrifaðar eða tölvufærðar á mismunandi stigum málsmeðferðar?*

Um form gerðabóka er fjallað í 7. gr. reglugerðar nr. 227/1992 en málaskrá fyrir nauðungarsölur er einn hluti af upplýsingakerfi sýslumanna. Gerðabók fyrir nauðungarsölur skal annaðhvort vera handrituð bók eða vélrit eða útprentun úr tölvu á laus blöð. Við fyrstu fyrirtöku og byrjun uppboðs, sem fram fer á skrifstofum sýslumanna, er notast við tölvukerfi sýslumanna og bókunin færð inn á staðlað form í málaskrárkerfinu og formið að lokum prentað út úr upplýsingakerfinu. Við framhaldssölur sem fara fram á eignunum sjálfum er hins vegar notast við staðlaðar gerðabækur og bókunin handrituð.

Undirbúningur að fyrirtöku máls er m.a. fölginn í því að færa inn fyrirliggjandi upplýsingar, t.d. um viðkomandi eign, gerðarbeiðendur og gerðarþola og framlögð skjöl. Formin eru síðan fyllt út nánar í fyrirtöku eftir því sem viðkomandi gerð vindur fram.

3. *Þegar færsla í gerðabók er handskrifuð, geta fleiri en sá fulltrúi sem framkvæmir gerðina ritað um hana í gerðabók?*

Sýslumaður eða löglærður fulltrúi ritar í gerðabók við fyrstu fyrirtöku og byrjun uppboðs, þ.e. færir inn á formið þær upplýsingar sem fram koma við gerðina. Sama gildir við framhaldssölur en sums staðar ritar skrifstofumaður/ritari fullnustusviðs þessar upplýsingar í gerðabókina samkvæmt fyrirmælum sýslumanns eða löglærðs fulltrúa.

4. *Ef færsla í gerðabók er handskrifuð á staðlað eyðublaðsform, hvernig er tryggt að ekki sé hægt bæta upplýsingum eftir á inn á auð svæði á slíku eyðublaðsformi?*

Gerðabækur embættanna eru varðveittar í læstum húsum sýslumannsembætta landsins. Við útfyllingu gerðabóka eru þeir hlutar gerðabóka sem ekki eru fylltir út að jafnaði yfirstrikadír. Í lokin kvitta viðstaddir í gerðabókina til staðfestingar á því hvernig gerðin fór fram.

5. *Hver er þýðing undirritunar gerðarþola í gerðabók, umfram það að staðfesta að gerðarþoli hafi verið viðstaddur gerðina?*

Um undirritanir er fjallað í 2. tölul. 7. gr. reglugerðarinnar en þar segir að vélrit eða útprentun úr tölvu á laus blöð skuli undirrituð af þeim sem framkvæmir aðgerð við nauðungar-

sölu. Aðilar máls sem mæta við fyrirtökuna undirrita í lokin gerðabókina til staðfestingar á því sem þar er skráð.

6. *Hvaða réttaráhrif getur röng skráning í gerðabók haft í för með sér? Getur gerðarþoli borið ábyrgð á því ef færsla er ranglega skráð í gerðabók?*

Réttaráhrifin ráðast af efni skráningarinnar. Rétt er að benda á ákvæði 71. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, þar sem segir að skjöl sem embættis- eða sýslunarmenn gefa út í embættisnafni um það sem gerist í embætti þeirra eða sýslan séu opinber. Þar til annað sannast skal telja íslenskt opinbert skjal ófalsað ef það stafar frá embættis- eða sýslunarmanni eftir formi sínu og efni og skal efni opinbers skjals talið rétt ef það varðar tiltekin atvik sem er sagt að hafi gerst í embætti eða sýslan útgefanda. Rétt er að nefna að gerðarþolar eiga rétt á að bera ákvarðanir sýslumanns undir héraðsdóm eftir ákvæðum laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

7. *Hver er réttur gerðarþola til að fá afhent ljósrit af handskrifuðum færslum í gerðabók sýslumanns vegna meðferðar nauðungarsöllumáls?*

Í umræddri reglugerð segir í 6. gr. að sýslumanni sé skylt að láta þeim sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta í té staðfest eftirrit af framlögðu skjali og endurrit úr gerðabók eftir því sem þess er beiðst.

8. *Hvaða réttarúrræði standa til boða fyrir gerðarþola sem telur sig geta fært sönnur á að skráning í gerðabók sýslumanns vegna meðferðar nauðungarsöllumáls sé röng eða hafi verið fölsuð, þannig að það geti haft í för með sér áhrif á réttarstöðu hans, samkvæmt nánar tilteknum lagaákvæðum og reglum þar að lútandi?*

Þeir sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta geta leitað úrlausnar héraðsdómara ýmist eftir reglum XIII. eða XIV. kafla laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.